

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hólalax Hjaltadal



Dags eftirlits	9.9.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hólalax	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Hólum I	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	601279-0299	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Baldvinsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Friðrik Steinsson	Staðsetning	494922,721 581709,174

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein athugasemd var gerð hvað varðar olútank.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Skv. gr. 3.7. skal skila inn ársyfirlit fyrir 1. mars ár hvert og skv. gr. 3.8. grænu bókhaldi fyrir 1. maí.

Minnt var á að sýnataka skv. vöktunaráæltun skuli næst framkvæmd árið 2015.

Frárennislækur og settjarnir voru skoðaðar. Gróðurmyndun (grænt slý) mátti greina í botni frárennislæks en þó ekki óeðlilega mikla miðað við árstíma og í minna mæli en fyrir ári síðan. Ekki var að sjá óeðlilegan vöxt gróðurs í settjörnum en greina mátti skít eða fóðurleifar í frárennislæk, sérstaklega við ræsi sem liggur undir vegslóða og yfir í settjörn. Á annan tug anda mátti sjá synda á fremri settjörnninni. Bent er á að fylgjast þurfi með settjörnunum og losa úr þeim þar sem uppsöfnunin er mest, ef þurfa þykir.

Farið var yfir úrgangsmál og er sami háttur á og í fyrra eftirliti. Allur dauðfiskur er settur í lokaðar tunnur til geymslu og síðan losaður í sérstakan urðunargám sem kemur reglulega í sveitina. Öllum tónum fóðuropokum er safnað saman og þeir keyrðir í endurvinnslugám sveitarfélagsins. Allt annað sorp er flokkað.

Farið var yfir undanþágubeiðni rekstraraðila frá gr. 2.2. í starfsleyfi hvað varðar notkun tromlusíu í frárennislækstöðvarinnar. Var beiðnin send Umhverfisstofnun þann 23. sept. 2013 og var sú beiðni samþykkt þann 25. nóvember sl. Í öðrum lið skilyrða undanþágunnar bar rekstraraðila að skila inn til Umhverfisstofnunar, áætlun hvað varðar fyrirsjáanlega aukningu framleiðslumagns og áætlun hvað varðar mengunarvarnarbúnað. Sú áætlun var send stofnuninni þann 27. nóvember sl. Gildir undanþágan til 1. júní 2016 eða þar til sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi.

Minnt var á að öll gögn skuli send á ust@ust.is, sem og á netfang eftirlitsmanns.

Merking frávikalausra fyrirtækja á vefsíðu Umhverfisstofnunar var kynnt, sem og möguleiki á fækkun eftirlits sé rekstraraðili frávikalaus í 4 ár eða lengur. Tekið var fram að sækja þarf sérstaklega um slíka umbun.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við olútank sem stendur við húsvegg eldisstöðvarinnar. Í fyrra eftirliti var frávik vegna þessa olútanks þar sem hvorki var árekstrarvörn né steypt plan undir honum eða annar lekavarnarútbúnaður. Sett hefur verið árekstrarvörn við tankinn og lekavarnarbakki var einnig settur undir tankinn en hann síðan fjarlægður aftur vegna uppsöfnunar regnvatns og óhreininda. Rekstraraðili ætlar að skipta um olútank og fá minni plasttank sem uppfyllir nýjustu gæðakröfur. Sendir hann eftirlitsaðila mynd því til staðfestingar að verki loknu.

ANNAÐ

Viðstöð eftirlitið var Sigríður Hjaltadóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Reykjavík, 16.09.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.